

Hringleikahús samtímans

LEIKLIST

Leikfélag Akureyrar

Falið fylgi

Höfundur: Bjarni Jónsson
Leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarsson
Búningar: Rannveig Eva Karlsdóttir
Tónlist: Andrea Gylfadóttir
Ljósahönnun: Halldór Örn Óskarsson
Hljóðmynd: Gunnar Sigurbjörnsson
Gervahönnun: Ragna Fossberg og Sunna Björk Hreiðarsdóttir
Leikarar: Guðrún Lilja Þorvaldsdóttir (Ellen), Anna Svava Knútsdóttir (Íris Ösp), Viktor Már Bjarnason (Benedikt), Guðmundur Ólafsson (Karl). **Frumssýning 16. janúar kl. 20**

Í LJÓSI efnahagshrunsins á Íslandi er ekki laust við að þjóðin upplifi sig í leikhúsi fjaránleikans þar sem mörkin milli leiksviðs og veruleika hafa verið afmáð. Enginn getur verið viss um eigin stöðu í lífinu, skyndilega uppgötvar viðkomandi að hann er stadd-

ur í miðju leikriti þar sem hending ein ræður hvort hann er meðal leikenda eða áhorfenda, nema hvort tveggja sé.

Um helgina var frumsýnt nýtt íslenskt leikrit eftir Bjarna Jónsson hjá Leikfélagi Akureyrar sem ber heitið *Falið fylgi*. Hið ótrúlega er að verkið nær að fanga einmitt þetta ástand í þjóðfélaginu. Bjarni hefur getið sér gott orð sem leikskáld, leikstjóri og þýðandi. Skemmst er að minnst leikverka hans á borð við *Kaffi* (1998) og *Óhapp* (2008) en fyrir þau var hann tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna. Einnig er vert að nefna leikgerð hans á skáldsögum Böðvars Guðmundssonar *Hibýli vindanna* og *Lífsins tré* og þá er ótalinn fjöldi þýðinga á leikritum og skáldsögum.

Falið fylgi gerist á Íslandi samtímans í ónefndum bæ. Framundan er opið prófkjör hjá ónefndum stjórnsmálaflokki og Ellen Þjörnsdóttir félagsmálastjóri hefur ákveðið að gefa



Falið fylgi „[...] fyllilega þess virði að sjá.“

kost á sér. Sér til aðstoðar hefur hún ráðið kosningastjórn Benedikt og unga, óheflaða stúlku að nafni Íris Ösp. Undirbúningur opunarhátíðarinnar er í fullum gangi þegar Karl nokkur Jónsson rekur inn nefið á kosningaskrifstofuna og vill rifja upp óþægileg mál úr fortíðinni sem tengjast frambjóðandanum.

Uppsetning leiksviðsins minnir á hringleikahús í anda Rómverja til

forna þar sem m.a. fóru fram skýlmingar upp á líf og dauða og áhorfendur sátu hringinn í kringum leiksviðið. Leikmyndin er einföld, en hugvitsamleg og kallast á við kosningabaráttuna sem fram fer fyrir „opnum tjöldum“ og eitt af slagorðunum er „gagnsæ stjórnsýsla“. Notkun lýsingar og hljóðmyndar er afar beitt og virkar mjög sterkt á stemninguna og tilfinningar áhorfenda. Búningar eru

einnig mikilvægur þáttur í leikritinu og vísa til þeirrar speki yfirborðsmennskunnar að fótin skapi mamminn og taktföst tónlistin undirstrikar sviðsetningu persónanna.

Leikurinn var almennt góður en hópurinn mun þó líklega hrísta sig enn betur saman á næstu sýningum. Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir stóð sig vel í hlutverki Ellenar. Hún hefur sterka sviðsframkomu og hefur jafnframt náð þeirri leikhæfni að geta sýnt dýpt með svipbrigðum einum. Viktor Már Bjarnason fór einnig vel með hlutverk Benedikts kosningastjóra, einkum þegar líða tók á verkið.

Guðmundur Ólafsson átti afbragðsleik í hlutverki hins umkomulausa Karls sem berst við óréttlæti heimsins. Senuþjófurinn var hins vegar Anna Svava Knútsdóttir sem gerði stelpuþrippinu Írisi Ösp svo skemmtileg skil. Samleikur Önnu Svövu og Guðmundar var líka með miklum ágætum. Titill leikverksins, *Falið fylgi*, verður ekki útskýrður því að hann er hluti af plottinu, en sýningin er fyllilega þess virði að sjá og endirinn – hann mun koma áhorfendum í opna skjöldu.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Sést varla í vegginn

AF LISTUM



Eftir Einar Fal Ingólfsson

Afi, hver gerði þetta eiginlega?“ spurði lítil stúlka með undrun í röddinni og benti á stórt málverkið.

„Það var hann Jóhannes Kjarval,“ sagði afinn rólega. Hann horfði á verkið, sem kallast *Krítík*, og rýndi svo í röð af litlum teikningum sem hafa verið hengdar upp undir flennistörum striganum, niðri við gólf.

„Það sést varla í vegginn fyrir myndum!“ sagði stúlkan hissa og gekk meðfram veggnum, þar sem verkin eru hengd svo þétt að þau eru í þremur og fjórum, jafnvel fimm hæðum, hvert ofan á öðru. Þar sem vik myndast milli stórra verka er skotið að minnsta kosti einu litlu, ef ekki tveimur eða þremur.

„Það er líka svolítið af skrátnum myndum hérna,“ sagði stúlkan lágt við sjálfa sig þar sem hún horfði á dúfur, hraun, andlit, fjöll, skítur, fossa, álfakroppa, meira hraun, mosa og fleiri andlit. Lítil málverk og stór, teikningar á alls kyns pappír, myndir á gler, jafnvel koddaver.

•••

Kjarval – Mynd af heild nefnist þessi nýja sýning í austursal Kjarvalsstaða, sem er sett saman úr stórum hluta safneignar Listasafns Reykjavíkur á verkum eins dáðasta listamanns sem þjóðin hefur alið. Sem drengur var Jóhannes Sveinsson reiddur úr Meðallandinu austur á Borgarfjörð eystri, úr sárrí fátækt braust hann til mennta í myndlist, kynntist erlendum straumum, en kom aftur heim og fórnaði fjölskyldunni fyrir köllunina og kenndi þjóðinni að meta landið og náttúruna. Kjarval var eftirlæti landsmanna, listamaður og djúpvitar furdufugl í senn. Þannig er mýtan í það minnsta – raunin var vitaskuld flóknari.

Í eigu Listasafns Reykjavíkur munu vera 3.348 verk eftir Kjarval, þar af 159 málverk. Málverkin hljóta að vera nær öll í salnum, að viðbættum slatta af teikningum, því um 350 verk eru á sýningunni.

Sýningarstjórnin, Helga Lára Þorsteinsdóttir, og þeir sem unnu með henni að uppsetningunni hljóta að hafa skemmt sér vel við verkið. Ég hefði glaður rétt þeim hjálparhönd, við að velja hvaða verk færi vel með hverju, hvaða sjaldséða teikning fengi að nuddast upp við eitthvert fræga málverkið.

Sýningin tekur mið af salonsýningum fyrri alda, þar sem ólíkum



Morgunblaðið/Einar Falur

Salon-uppsetning Á Kjarvalsstöðum er það nú magnið sem gildir og margbreytileiki verkanna sem liggja eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval.

» Þessi sýning snýst um heildina, um ævistarf, um stefnur og stefnuleysi – og marglyndi listamannsins.

verkum var í raun hrúgað þétt upp á sýningum; verk voru sýnd svo fólk gæti séð sem flest, en ekki var verið að hugsa um það hvernig þau önduðu í rýminu eða töluðu hvert við annað. Móðernískar hugmyndir um hrein sýningarrými og naumhyggjulegar upphengingar komu til síðar; á ljósmyndum frá upphaflegum sýningum Kjarvals má sjá að hann hengdi stundum þétt upp sjálfur, lét verkin vera nánast niðri við gólf eða hvert upp af öðru.

•••

Það er í raun einhvern veginn við hæfi að setja verkin svona upp núna. Margt kemur til. Á sýningum síðustu ára úr safneigninni hafa oft verið sett fram sömu verkin aftur og aftur – sem er skiljanlegt, „myndlistarstofnunin“ og tíminn hafa valið hvaða verk þykja mikilvægust. En Kjarval framleiddi gríðarlegt magn myndverka og virðist sífellt hafa verið að; ef hann var ekki að mála eitthvert stórvirkið, þá var hann að teikna á bókina sem hann var að lesa, á dagblaðið, á bréfið sem honum barst, eða gera riss fyrir væntanleg málverk. Hér sést þetta allt – og myndar sannferðuga heild. Gefur í raun merkilega góða mynd af listamanninum og vinnu hans. Og um leið á ákveðin áhelgum sér stað.

Austursalnum er skipt í þrjá minisali, sem verkunum er hrúgað upp í, án skýringartexta eða merkinga við

stök verk. Og verkin eru afskaplega misgóð. Zen-legar blekteikningar, raunsæisleg æskuverk, glæsilegar kúbískar hraunborgir, flæðandi fígúrur sjötta áratugarins, rjúpnaskissur – þetta er allt hvað ofan í öðru. Sum málverkin þyrftu miklu meira ljós, sem kynni að vera teikningum skaðlegt, en það skiptir einhvern veginn ekki máli. Þessi sýning snýst um heildina, um ævistarf, um stefnur og stefnuleysi – og marglyndi listamannsins. Klassísk verk öðlast hér nýtt líf og við hljóðveigaminni verka, sem samt eru forvitnileg hvert á sinn hátt, uppgötvar maður á þeim nýjar hliðar.

•••

Hugsaðu þér hvað þetta er frjóg hugsun – myndirnar íða hér, í tugatali,“ sagði fullorðna konan við manninn. Þau gengu rólega meðfram einum veggnum og námu af og til staðar til að rýna í verkin. Hún sló út hendinni þegar hún sagði þetta. „Þetta er stórkostlegt ævistarf,“ bætti hún við. „Og nýtur sín svona stórkostlega uppsett,“ sagði hann.

•••

Þetta skyldi þó ekki vera rétta leiðin til að halda yfirflitsýningar á eldri listamönnum á þessum nýju tímum; kveðja hina móðernísku formhreinu sparsemi og setja sem mest fram, sem fjölbreytilegasta sípu verka. Viðurkenna að enginn listamaður skapar bara hágæðaverk. Að innan starfsferils rúmast svo ótal margt. Setja það bara allt saman fram, hvað ofan í öðru, og láta áhorfandann síðan um að meta hvað hann kys á staldra við og hvað ekki. Það virkar svo sannarlega hér. efi@mbl.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

■ Á morgun, fimmtudag kl. 19.30

Trommur og dans
Hljómsveitarstjóri: Rumon Gamba
Einleikarar: Colin Currie og Pedro Carneiro

Françis Poulenc: Les biches, balletsvíta
Áskell Másson: Crossings, konsert fyrir slagverk
Igor Stravinskij: Petrúska

Tveir af fremstu slagverksleikurum samtímans mætast á þessum tónleikum og frumflýta nýjan konsert eftir Áskel Másson.
Vinafélagskyrning á Hótel Sögu kl. 18.00

■ Laugardagur 24. janúar kl. 17

Kristallinn - Kammertónleikar í Þjóðmenningarhúsi
Fiðlur: Júlíana Elín Kjartansdóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir
Lágfíðla: Guðrún Þórarinsdóttir
Selló: Sigurgeir Agnarsson
Kontrabassi: Hávarður Tryggvason

Leoš Janáček - Stengjakvartett nr. 1
Antonín Dvorák - Stengjakvartett í G-dúr op. 7

Míðasala
S. 545 2500
www.sinfonia.is

JANIS27
EFTIR
ÓLAF HAUK SÍMONARSON
Föstudaginn 23. janúar kl. 20
Laugardaginn 31. janúar kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

**BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR
ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

„Bryndís og Ilmur eru æði“ – Gerður Kristný, *Stöð 2*
„Músiklega séð: Stórkostleg upplifun...Ég hélt ekki að það væri nokkur söngkona á Íslandi sem gæti gert þetta. Ég segi bara: Hallelúja!“ – Halla Sværissdóttir, *RÚV*
„Ég gleymdi alveg öllu...frábær söngur...flott skemmtun!“ – Þór Elís Pálsson, *RÚV*
„Stuð í óperunni“ – Ingibjörg Þórisdóttir, *Mbl*.
„Dúndurmúsik!“ – Páll Baldvin Baldvinsson, *Fréttab.*

ÍSLENSKA ÓPERAN
WWW.OPERA.IS
MÍÐASALA Á OPERA.IS, MIDI.IS OG Í MÍÐASÖLU ÍSLENSKU ÓPERUNNAR. SÍMI MÍÐASÖLU: 511 4200.